

Bæjarstjórnarfundur nr. 1288, haldinn þann 26. febrúar 2019

Bæjarfulltrúar Sjálfstæðisflokkssins fagna ákvörðun Kristjáns Þórs Júlíussonar, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra um að heimila áframhaldandi veiðar á langreyði og hrefnu árin 2019–2023. Ákvörðunin er samhljóma umsögn bæjarráðs Akraness frá 7. janúar sl. til atvinnuveganefndar vegna þingsályktunartillögu um endurmat á hvalveiðistefnu Íslands.

Bæjarráð lagði í umsögn sinni áherslu á að hvalveiðar við Ísland fari fram með sjálfbærum hætti á grundvelli vísindalegra rannsókna, og að ekki verði eingöngu litið til þjóðhagslegra hagsmuna heldur einnig til áhrifa innan tiltekinna atvinnusvæða. Bein og afleidd störf sem skapast í kringum hvalveiðar og -vinnslu skipta miklu máli á atvinnusvæði Akurnesinga og þessi störf snerta framfærslu margra fjölskyldna á þessu svæði ásamt því að skapa sveitarfélögum mikilvægar tekjur. Einnig er mikilvægt að skapa þeim fyrirtækjum sem stunda hvalveiðar og –vinnslu stöðugt laga og rekstrarumhverfi svo hægt sé að ráðast í nauðsynlegar fjárfestingar og endurnýjun búnaðar til aukinnar verðmætasköpunar.

Bæjarfulltrúar Sjálfstæðisflokkssins hafa ávallt staðið vörð um fjölbreytt atvinnulíf á Akranesi og taka því heilshugar undir umsögn bæjarráðs og ákvörðun ráðherra.

Rakel Óskarsdóttir
Rakel Óskarsdóttir


Olafur Adolfsson
Olafur Adolfsson

Einar Brandsson
Einar Brandsson

Sandra M. Sigurjónsdóttir
Sandra M. Sigurjónsdóttir